

Umsókn um kennitöluaðgang lögmanna að fasteignaskrá – Þjóðskrá Íslands hjá Creditinfo hf.

Áskrifanda er kunnugt um að upplýsingar sem Creditinfo (CI) miðlar eru úr fasteignaskrá Þjóðskrá Íslands (ÞÍ). Einungis er heimilt að veita lögmönnum í innheimtu- og skiptastarfsemi aðgang að upplýsingum um eignastöðu / eignaleit einstaklinga eftir kennitölu í fasteignaskrá ÞÍ að fengnu staðfestu samþykki ÞÍ, enda lýsi viðkomandi lögmaður því yfir að aðgangurinn verði aðeins notaður í þeim tilvikum er slíkt er heimilt. Fyrir hverja flettingu er greitt skv. verðskrá og samningi við CI.

Lögmaður sem fær aðgang að upplýsingum eftir kennitölu í fasteignaskrá ÞÍ hjá CI, ber ábyrgð á uppflettingum á hans vegum og skal gæta þess að óviðkomandi aðilar komist ekki yfir aðgangsauðkenni eða upplýsingar sem hann fær úr skránni. Einungis sérstaklega skráðir starfsmenn hjá hverjum lögmanni hafa heimild til að gera fyrirspurnir á grundvelli samnings þessa og mega þeir ekki afhenda öðrum lykilorð sín eða kynna með öðrum hætti aðgangsheimildir sínar. Allar fyrirspurnir í fasteignaskrá ÞÍ eftir kennitölu eru skráðar sérstaklega, bæði hjá ÞÍ og CI, á viðkomandi áskrifanda og þann lögmann sem framkvæmir fyrirspurnina.

Starfsmaður hjá lögmanni, sem hefur heimild til að sækja upplýsingar í þinglýsingarhluta fasteignaskrár, er bundinn þagnarskyldu um innihald þeirra upplýsinga gagnvart aðilum er ekki þurfa starfs síns vegna að hafa vitneskju um innihaldið.

ÞÍ er heimilt að framkvæma eftirlit með lögmætri notkun á aðgangi lögmanna og loka fyrir aðgang verði lögmannsstofa/lögmaður uppvís að misnotkun.

Söfnun upplýsinga úr fasteignaskrá ÞÍ með rafrænum hætti er með öllu óheimil nema notandi hafi lögvarða hagsmuni af slíku. Sama gildir um samtengingar við aðrar skrár. Notandi skal eyða upplýsingum fengnum úr fasteignaskrá ÞÍ þegar ekki eru málefnalegar ástæður til að varðveita þær.

Sé brotið gegn framangreindum skilyrðum, reglugerð um þinglýsingar eða samningsaðili uppfyllir ekki lengur skilyrði til að hafa aðgang að kerfinu skal fella aðgangsheimildina niður.

Hvorki ÞÍ né CI bera ábyrgð á hugsanlegu tjóni sem kann að hljóttast af því að upplýsingar úr fasteignaskrá ÞÍ reynast rangar. CI áskilur sér rétt til að vera óbundið af einstökum ákvæðum samnings þessa ef lögum er breytt á þann veg, að efndir eru ómögulegar af hálfu CÍ. Sama gildir ef aðrar opinberar reglur standa í vegi fyrir efndum, svo og vis major af einhverri tegund. ÞÍ gerir slíkt hið sama.

Nauðsynlegt er að umsækjandi/áskrifandi merki við viðeigandi yfirlýsingu:

- Yfirlýsing lögmanns í innheimtustarfsemi:** Undirritaður lögmaður óskar eftir aðgangi að upplýsingum um eignastöðu / eignaleit einstaklinga eftir kennitölu í fasteignaskrá ÞÍ hjá Creditinfo og lýsir því yfir að aðeins verður flett upp í þeim tilvikum er viðkomandi lögmanni hefur verið falið að innheimta kröfu á hendur þeim sem upplýsinga er óskað um og heimilt er að gera aðför til fullnustu þeirri kröfu, skv. 1. gr. aðfararlaga nr. 90/1989.
- Yfirlýsing lögmanns í skiptastarfsemi:** Undirritaður lögmaður óskar eftir aðgangi að upplýsingum um eignastöðu / eignaleit einstaklinga eftir kennitölu í fasteignaskrá ÞÍ hjá Creditinfo og lýsir því yfir að aðgangurinn verður aðeins notaður í þeim tilvikum er lögmaðurinn hefur verið skipaður skiptastjóri í protabúi eða dánarbúi þess aðila sem upplýsinga er óskað um með úrskurði héraðsdóms.

Upplýsingar um umsækjanda (notið prentstafi):

_____	_____	_____
Nafn	Kennitala	Sími
_____	_____	_____
Heimilisfang	Póstnúmer og bæjarfélag	Netfang
_____	_____	_____
Nafn tengiliðar	Kennitala tengiliðar	Netfang tengiliðar

Upplýsingar um notendur:

Með undirskrift sinni staðfesta lögmenn og samþykkja þá skilmála sem fram koma á umsókn þessari.

_____	_____	_____
Nafn lögmanns	Kennitala	Undirritun til staðfestingar og samþykkis skilmálum
_____	_____	_____
Nafn lögmanns	Kennitala	Undirritun til staðfestingar og samþykkis skilmálum
_____	_____	_____
Nafn lögmanns	Kennitala	Undirritun til staðfestingar og samþykkis skilmálum

Vinsamlega sendið CI umsóknina með pósti, faxi eða tölvupósti skv. upplýsingum neðst á blaðinu.

Ráðgjafi CI verður í sambandi við tengil umsækjanda svo fljótt sem auðið er eftir að umsókn berst.